

# Rýmingaráætlun Hlíðarskóla

Ef brunakerfið fer í gang er unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun:

## Ábyrgð:

- Skólastjóri/staðgengill sér um að sýna nýjum starfsmönnum stjórnöflu brunaboða, slökkvitæki og útgönguleiðir.
- Starfsmenn sjá um að útgönguleiðir séu ávallt færar.
- Eldvarnafulltrúi skólans ber ábyrgð á að slökkvitæki skólans séu yfirfarin á ári hverju.
- Kennari/starfsmaður sem er með bekkinn þegar skólinn er rýmdur, ber ábyrgð á sínum hópi að söfnunarsvæði og á.
- Söfnunarsvæði skólans er við flaggstöngina vestan við skólann
- Uppeldisfulltrúar vakta og fylgjast með útgöngum á meðan á rýmingu stendur.
- Umsjónarmaður söfnunarsvæðis er skólastjóri eða staðgengill hans.

## Aðgerðaráætlun:

- Skólastjóri/staðgengill aðgæta á stjórnöflu hvaðan brunaboðið kemur. Upptök eru könnuð eins hratt og mögulegt er.
- Öryggismiðstöðin hf. sem kerfið er tengt við, hringir í skólastjóra skólans ef kerfið fer af stað og hefur samband við slökkvilið til að tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu.
- Kennarar undirbúa strax rýmingu. Teikningar sem sýna flóttaleiðir, söfnunarsvæði hvers húss og viðbragðsáætlun eru í hverri kennslustofu. Nemendum er ráðað í röð inni í kennslustofunni og kennarinn athugar hvort flóttaleið úr stofunni er opin/greiðfær.
- Ef bjallan þagnar fljótlega eftir að hún fer af stað er um bilun eða falsboð að ræða. Þó skal alltaf undirbúa útgöngu nemenda, sbr. liði 2 og 3, en ekki er farið út fyrr en við fulla hringingu. Ef um falsboð er að ræða er það tækifæri fyrir kennara að ræða við nemendur um eldvarnir og sameiginlega ábyrgð.
- Ef bjallan fer aftur af stað skal rýma skólann. Nemendur fara út úr stofunni í röð ásamt kennara og uppeldisfulltrúa, sé hann til staðar. Uppeldisfulltrúar í hverju húsi fara síðastir og loka hurðum á eftir sér. Brýna þarf fyrir börnunum að fara ekki burt af söfnunarsvæði skólans.
- Skólastjóri/staðgengill tekur með sér út nemendaskrá, aðstandendalista og forfallaskrá.

7. Nemendur ganga út á söfnunarsvæðið (bannað að hlaupa) í röð á eftir kennara sínum uppeldisfulltrúar ganga seinast út úr húsunum.
8. Þegar komið er á söfnunarsvæðið skulu kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir nemendur hafa komist út (nafnakall). Kennari gefur merki, ef allir hafa skilað sér – og eða ef einhvern vantar.
10. Slökkvilið kemur að skólanum, skólastjóri/staðgengill gefur varðstjóra upplýsingar um hvort og þá hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
11. Nemendur og starfsfólk sest inn í skólabílana sem staðsettir eru á bílastæðinu.
12. Sá aðili sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er.
13. Matsalur, frímínútur: Fari brunakerfi í gang á meðan nemendur eru staddir á fyrrnefnum stöðum hjálpast allir starfsmenn að sem staddir eru á svæðinu við að rýma húsnaðið.